



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Reykjavík, 29. febrúar 2008

Menntamálaráðherra
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Sölvhólsögötu 4
150 Reykjavík

Efni: Viðbrögð Háskólans í Reykjavík við skýrslu sérfræðinganefndar um viðurkenningu á fræðasviði félagsvísinda.

Fyrir hönd Háskólans í Reykjavík vil ég þakka sérfræðinganefndinni á fræðasviði félagsvísinda fyrir vönduð vinnubrögð og góðar ábendingar.

Háskólinn í Reykjavík er mjög sáttur við þær athugasemdir sem koma fram í skýrslunni. Þær örfáu athugasemdir sem við höfum fram að færa má finna í viðauka 1. Niðurstöður nefndarinnar sýna ljóslega að þótt Háskólinn í Reykjavík sé enn ungur skóli og í örum vexti, þá er hann vel í stakk búinn til menntunar á sviði félagsvísinda. Skólinn hefur þegar byggt upp fjölbreytilegt nám á sviði félagsvísinda og jafnframt tekist að ráða mjög hæft starfsfólk sem kemur að uppbyggingu og kennslu í náminu.

Ábendingar nefndarinnar sýna einnig nauðsyn þess að halda áfram uppbyggingu rannsókna, kennslu og fræðastarfs við skólann. Skólinn mun nú vinna frekar með niðurstöðu sérfræðinganefndarinnar og nota hana sem mikilvægt innlegg í framtíðaruppbyggingu skólans.

Virðingarfyllst,

Dr. Svafa Grönfeldt
Rektor Háskólans í Reykjavík



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Viðauki 1. Viðbrögð við niðurstöðum og ábendingum

Eins og fram kemur í bréfi rektors, þá er Háskólinn í Reykjavík sammála þeim niðurstöðum og ábendingum sem fram koma fram í „The Accreditation Report“.

Eftirfarandi eru þrjár minniháttar athugasemdir sem Háskólinn í Reykjavík vill gera við skýrslu nefndarinnar:

Á bls. 13 í skýrslu sérfræðinganeftdarinnar er rætt um að deildir aðrar en lagadeild þurfi að setja sér kennslustefnu (teaching policy). Háskólinn í Reykjavík vill benda á að kennslustefna skólans kemur fram í Gæðahandbók kennara í Háskólanum í Reykjavík, sem gefin var út á íslensku og ensku sumarið 2007. Lagadeild HR gaf hins vegar kennslustefnu sína út árið 2006.

Á bls. 17 í skýrslunni stendur að 2-3% nemenda í grunnnámi fái styrki frá skólanum. Í raun er talan nokkuð hærri, eða 3-5%, þ.e. þeir sem fá niðurfellingu skólagjalda vegna hárra einkunna (forsetalisti) og þeir sem fá niðurfellingu skólagjalda og framfærslustyrk á fyrstu önninni (nýnemastyrkur).

Á bls. 19.

Háskólinn í Reykjavík vill ítreka að árlega eru lagðar fyrir þjónustukannanir þar sem nemendur fá tækifæri á að koma með athugasemdir og meta um leið stoðþjónustu skólans. Skólinn hefur einnig þegar lagt fyrir könnum þar sem stjórnendur eru metnir af starfsfólki.